

261. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs., mánudaginn 20. apríl 2009 klukkan 07.30 á skrifstofu byggðasamlagsins.

Mættir eru:

Ómar Stefánsson, Þór Sigurgeirsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Páll Hilmarsson, Sigurbjörn Rafn Úlfarsson, Herdís Sigurjónsdóttir.
Guðfinna Guðmundsdóttir boðaði forföll.
Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Móttaka á raf-og rafeindatækjaúrgangi – skilakerfi raf- og rafeindatækja úrgangs.

Framkvæmdastjóri og formaður kynntu samningsdrög og viðræður við umhverfisráðuneytið og RR-Skil.

Með breytingu í maí 2008, á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, var komið á ábyrgð framleiðenda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi (rr-úrgangi). Frá og með 1. janúar 2009 bera framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn hingað til lands.

RR-Skil og SORPA vilja stuðla að því að regluverk og framkvæmd verði með sem bestum hætti og geti fallið innan þess kerfis sem sveitarfélögin hafa þegar komið sér upp til söfnunar á rr- úrgangi, enda sameiginlegt hagsmunamál aðila.

Samningsaðilar munu jafnframt vinna saman að því að fá lögum breytt þannig að tryggt sé að allur rr-úrgangur verði innan kerfis (engir „free riders“) hvort sem slíkt kerfi verður úrvinnslugjaldskerfi eða annað kerfi sem tryggir slíkt. Tryggt verði jafnframt með slíku kerfi, að því verði ætlað að standa undir kostnaði við móttöku, flutning og eyðingu rr-úrgangs.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga formlega frá samkomulagi sem þegar liggur fyrir við RR-Skil.

2. Grænt bókhald SORPU bs 2008.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir ársskýrslu 2008 fyrir grænt bókhald. Stjórn samþykkir skýrsluna samhljóða.

3. Bilun í pressu í móttökustöð.

Framkvæmdastjóri kynnir úttekt Mannvits á ástæðum bilunar í sorpböggunarvél í móttökustöð.

4. Önnur mál.

- a) Lagt fram bréf Garðabæjar dagsett 15. apríl 2009 þar sem staðfest er framtíðarsýn SORPU sem fram kemur í Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- b) Kynnt árshátíð SORPU sem verður fimmtudaginn 30. apríl 2009.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Fundarritari: Sigríður B. Einarsdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir
Páll Hilmarsson
Ómar Stefánsson
Bjarni G.P. Hjarðar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Sigurbjörn Rafn Úlfarsson
Þór Sigurgeirsson
Björn H. Halldórsson